Fjárlagaskurður

Framsóknarmenn á verði

Páll Pétursson: Munum standa vörð um velferðarþjóðfélagið. Skoðum allar skynsamlegar tillögur. Haraldur Ólafsson: Fellst ekki á niðurskurð til félagsmála. Þarf að skattleggja fjármagnsgróðann

Það er í lagi að athuga skynsamlegar sparnaðartillögur, en við munum standa vörð um velferðarþjóðfélagið og tökum ekki þátt í því að rústa menntakerfið," segir Páll Pétursson formaður þingflokks Framsóknarflokksins. Þorsteinn Pálsson formaður Sjálfstæðisflokksins tekur formlega við embætti fjármálaráðherra síðdegis í dag en hann hefur lýst því yfir að nú verði að skera duglega niður til að ná endum saman á fjárlögum.

„Það er eðlilegt að það sé beðið eftir tillögum Sjálfstæðisflokksins þar sem 4/5 af ríkisútgjöldum renna út um greiparnar á ráðherrum. Ég hef enga trú á því að okkur verði stillt upp við vegg en við erum tilbúnir að skoða nýjar tekjuöflunarleiðir og skynsamlegar sparnaðartillögur með jákvæðu hugarfari," sagði **Páll Pétursson.**

Varðandi stóreignaskatt sagði Páll að Framsóknarmenn væru alls ekki búnir að gleyma þeim tillögum þótt Sjálstæðisflokkurinn hefði hafnað þeim fyrr í haust. „Það hefur ýmislegt verið gefið eftir í sköttum, sumt með réttu en sumt var ástæðuminna".

Haraldur Ólafsson þingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavík sagði í gær að það væri útilokað að Framsóknarflokkurinn gæti fallist á niðurskurð framlaga til félags- og velferðarmála. „Ég yrði einnig mjög andvígur öllum snöggum breytingum á heilbrigðis- og tryggingarkerfinu. Það þarf bæði ítarlegri athugunar og lengri aðdraganda. Það þarf að skoða betur ýmislegt í skattakerfinu.

Verðbréfamarkaðurinn er skattlaus að öllu leyti og slíkt er fáránlegt. Eg er sannfærður um að það liggur gífurlegt fjármagn utan allrar skattheimtu, hjá fjármagnsgróðanum og milliliðum og menn þurfa að líta í þær áttir," sagði Haraldur Ólafsson.

–lg.



Elsta myndin sem menn þekkja nú eftir Kjarval, gerð árið 1901 og hefur jafnan verið hjá ættingjum á Borgarfirði eystra þar sem listamaðurinn ólst upp. Steinþór Sigurðsson hönnuður sýningarinnar og Þóra Kristjánsdóttir listráðu nautur virða myndina fyrir sér (ljósm SM)

Kjarvalssaga í myndum

Í dag eru hundrað ár frá fæðingu Jóhannesar Kjarvals og er opnuð mikil yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum á verkum hans. Þar eru 177 málverk, flest úr einkaeign, auk þess teikningar í eigu Reykjavíkurborgar og munir og minjar úr fórum Kjarvals, úr þeim mikla arfi sem Reykjavíkurborg tók eftir hann.

Elsta myndin á sýningunni er frá 1901 og sýnir einkar mennska hryssu með folaldi. Myndum er svo raðað í tímaröð og fara þar saman sum frægustu verka Kjarvals og fjölda mynda sem lítt eða ekki hafa sést á sýningum.

Nú er unnið að skrásetningu verka Kjarvals og eru um 3000 verk komin á skrá. Sú skrá varð leiðarvísir í söfnun mynda til sýningarinnar og sýningin hefur ýtt undir það að fólk hringi inn upplýsingar um verk Kjarvals. Enginn veit hve mörg þau eru – kannski 7000 kannski 9000.

Á göngum eru sýnd bréf og orðsendingar, skyssur og sýningarskrár, boðsmiðar og penslar, listamannshattar og meira að segja ein jólakaka forn. Þetta kemur upp úr mörgum tugum kassa sem Reykjavíkurborg á úr fórum Kjarvals og er fyrst núna verið að skoða innihald margra þeirra. Geysimikið verk er óunnið að því að skrá bréf og annað sem til er, en þó er á því byrjað.

Sýndur verður í fundarsal 10 mínútna langur myndbandsþáttur um Kjarval sem Þóra Kristjánsdóttir hefur tekið saman. Í tengslum við sýninguna munu listamenn, listfræðingar, jarðfræðingar og sagnfræðingar halda erindi og safnakennarar munu skipuleggja kynnisferðir og fræðslu um Kjarval fyrir grunnskólanemendur.

Sem fyrr segir er sýningin opnuð í dag með kórsöng, ávörpum og öðrum hátíðaleik, en síðan verður hún opin til 15. desember.

Öryggisgæsla verður meiri og öflugri en áður hefur tíðkast á myndlistarsýningu hér.

Steinþór Sigurðsson hannaði sýninguna en aðrir í sýningarnefnd eru Einar Hákonarson, Gunnar Kvaran, Ólafur Jónsson og Þóra Kristjánsdóttir listráðunautur Kjarvalsstaða. Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands er verndari sýningarinnar. **ÁB.**

Hafnarfjörður

Vilja vínsölu strax

250 manns spurðir álits á föstudag. 76% aðspurðra andvígir núverandi stefnu bæjarins í áfengismálum. Yfir 40% kváðust gera helgarinnkaupin í Reykjavík um leið og þeir færu í „ríkið".

Mikill meirihluti Hafnfirðinga virðist vera þeirrar skoðunar að strax eigi að heimila sölu vínveitinga í bænum ef marka má athugun sem gerð var á föstudag. Þar voru ökumenn 250 bifreiða með skráningarnúmerið G spurðir álits og í ljós kom að 76% voru andvígir þeirri áfengisstefnu sem bæjaryfirvöld hafa fylgt en í Hafnarfirði er engin áfengisútsala og vínveitingar á matsölustöðum ekki heimilar.

Það voru 10 Hafnfirðingar, sem könnunina gerðu. Talsmaður þeirra, Hrafnkell Marinósson sagði að önnur spurning þeirra hefði verið: Ef það verslið áfengið í Reykjavík kaupið þið þá til helgarinnar í leiðinn? 41.6% svöruðu þessari spurningu játandi, 42.4% neitandi. 16% létu henni ósvarað. Hins vegar voru vegfarendur spurðir hvort þeir væru hlynntir núverandi áfengisstefnu bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og aðeins 13.6% svöruðu játandi en 76% neitandi. 10.4% svöruðu ekki.

–v.

Framhaldsskólanemendur

Áskorun til borgaryfirvalda

Ódýrari fargjöld fyrir nemendur framhaldsskóla í Reykjavík

Í gærmorgun um ellefuleytið mættu fulltrúar nemenda í mennta- og fjölbrautaskólum Reykjavíkur á borgarskrifstofur Reykjavíkurborgar með áskorun frá nemendum fyrrnefndra skóla til borgaryfirvalda varðandi strætisvagnafargjöld fyrir framhaldsskólanemendur.

Áskorunin hljóðaði svo: „Á sameiginlegum fundi nemendastjórna framhaldsskóla í Reykjavík, sem haldinn var þann 21. september í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti var samþykkt að skora á borgaryfirvöld að beita sér fyrir því að nemendum mennta- og fjölbrautaskóla í Reykjavík verði gefinn kostur á ódýrari fargjöldum S.V.R. en nú er.

Forsendur þessarar áskorunar eru þær að nemendur framhaldsskólanna, einn stærsti notendahópur S.V.R. hafa í fæstum tilfellum nokkrar tekjur yfir skólaárið, og strætisvagnaferðir vega því ótrúlega þungt á metunum í útgjöldum þeirra. Benda má að miðað við lágmarks notkun hins almenna nemanda sem telur strætisvagnaferðir í og úr skóla, er kosntaður vegna ferðanna kr. 11.000 yfir skólaárið. Við minnum á að einnig er ærinn tilkostnaður við skólabókakaup og greiðslu skólagjalda svo eitthvað sé nefnt.

Vegna þess hve mál þetta er brýnt hagsmunamál nemenda vonumst við eftir því að það hljóti skjóta og góða afgreiðslu í borgarsjtjorn."

Bréfið var fyrst afhent Davíð Oddssyni, borgarstjóra og síðan forseta borgarstjórnar, stjórnarformanni SVR og borgarstjórnarfulltrúum. **IH**

Leiðrétting

Í viðtali við Guðmund Sveinsson í Sunnudagsblaði um kynni hans af meistara Kjarval misritaðist nafn föður Egils Kristbjörnssonar. Hann var sagður Kristjánsson og leiðréttist það hér með.

Flugfreyjusamningar

Allt óbreytt

„Það flosnaði upp úr samningaviðræðunum niðri í Karphúsi á föstudaginn og við höfum ekkert fengið boð um nýjan fund síðan þá," sagði Margrét Guðmundsdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands þegar Þjóðviljinn hafði samband við hana til að spyrjast fyrir um gang viðræðna þeirra og samningsaðila þeirra.

„Það var haldinn trúnaðarmannaráðsfundur og það sem þar fór fram er trúnaðarmál. Við bíðum bara eftir fundarboði," sagði Margrét.